

# MEÐ REIMARI Á HORNSTRANDIR

Að flytja farþega til og frá Hornströndum á sér langa sögu hjá þessari útgerð. Á þeim árum sem faðir minn, Vilmundur Reimarsson, sótti rekavið á Hornstrandir á sumrin fengu margir að fljóta með því ferðir voru stopular á þetta svæði. Það var ekki fyrr en í kringum 1980 sem ferðum fór að fjölga á Strandir, í skipulögðum gönguferðum svo og með fjölgun hraðbáta.

Árið 1995 keyptum við feðgar saman bát af gerðinni Sómi 800 sem fékk nafnið Freydís ÍS. Var hann fyrstu tvö sumrin gerður út á fiskveiðar en einnig voru farnar ferðir með fólk á Strandir þegar færi gafst. Það var svo sumarið 1997 sem bátinum var breytt til að stunda eingöngu farþegaflutninga.

Mest var flutt af farþegum í Jökulfirði og vestari hluta Hornstranda. Haustið 2000 var Freydísin seld og sumarið 2001 - 2002 vorum við að byggja upp gistinguþjónustu í Bolungavík á Hornströndum og sinna henni. Vorið 2003 var keyptur bátur af gerðinni Cleopatra 28 og fékk hann nafnið Sædís ÍS. Það sumar voru farnar nokkrar ferðir með fólk á milli Reykjafjarðar og Norðurfjarðar og



um haustið var ákveðið að útbúa þann bát til farþegaflutninga.

Sumarið 2004 gekk vel og fluttir voru um 650 farþegar aðallega á milli Norðurfjarðar og Reykjafjarðar en líka út í Bolungavík og Hornvík. Sumarið 2005 var fyrsta sumarið sem boðið var upp á áætlun á þessari

siglingaleið og var það mjög vel nýtt, svo vel að það var ákveðið að ráðast í það verkefni að kaupa nýjan bát sem smíðaður var hjá Seiglu ehf. Sá bátur kom til Bolungarvíkur 27. maí 2006 og byrjaði í siglingum í júní það ár. Nýi báturinn sem fékk nafnið Sædís ÍS 67 og tekur allt að 30 farþega hefur nú verið 4 sumur í farþegaflutningum og hefur reynst vel.

Upplýsingar um siglingarnar má nálgast á heimasíðunni [www.freydis.is](http://www.freydis.is).

Með kveðju, Reimar Vilmundarson og áhöfnin á Sædís.

[www.freydis.is](http://www.freydis.is)

Myndir: Ágúst G. Atlason

